AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt lögum nr. 139, 21. desember 2001 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. júlí 2004:

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 101, 23. janúar 2004, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir fyrir heitt vatn hækka um 2,6%.

Iðnaðarráðuneytinu, 4. júní 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Benedikt Árnason.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra nr. 513/2002.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði að jafnaði fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

1. mgr. 65. gr. verður svohljóðandi:

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir næsta ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

3. gr.

1. mgr. 68. gr. verður svohljóðandi:

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan tveggja mánaða frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Rangárþings ytra hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

G. Dýrleif Kristjánsdóttir.